

AUGLÝSING

**frá ríkisskattstjóra um fresti til að skila framtölum og form framtala vegna
álagningar opinberra gjalda á árinu 2014 á tekjur ársins 2013 og eignir í lok þess árs.**

Skilafrestir.

1. gr.

Framtölum manna, þ.m.t. þeirra sem láttist hafa á árinu 2013, skal skila rafrænt á vefnum *skattur.is* eða á pappír til ríkisskattstjóra eigi síðar en 21. mars 2014.

Unnt er að sækja um aukinn skilafrest á vefnum *skattur.is*. Lengdum skilafresti lýkur dagana 31. mars til 1. apríl 2014, samkvæmt slembidreifingu.

2. gr.

Framtalsskyldir lögaðilar, þ.m.t. dánarbú þar sem skiptum hafði ekki verið formlega lokið í árslok 2012, skulu skila framtali rafrænt á vefnum *skattur.is*. Í undantekningartilfellum er heimilt að skila á pappír til næstu starfsstöðvar ríkisskattstjóra. Skila skal eigi síðar en 31. maí 2014. Gera skal grein fyrir rekstri sameignarfélaga, sem eru ósjálfstædir skattaðilar, með framtölum eigenda.

3. gr.

Þeir lögaðilar, sem fengið hafa heimild til að hafa annað reikningsár til skattskila en almanaksárið, skulu skila framtali rafrænt á vefnum *skattur.is* eða í undantekningartilfellum á pappír til næstu starfsstöðvar ríkisskattstjóra eigi síðar en 5 mánuðum eftir lok reikningsárs.

4. gr.

Þeir framteljendur, sem af óviðráðanlegum ástæðum, svo sem veikindum eða vegna tilfallandi dvalar erlendis, geta ekki skilað framtali sínu innan ofangreindra fresta, skulu skila framtali sínu svo fljótt sem auðið er, rafrænt á vefnum *skattur.is*, og gera grein fyrir ástæðum síðbúinna skila með athugasemd á framtalinu.

Form og skilamáti framtala.

5. gr.

Menn skulu gera grein fyrir tekjum sínum á árinu 2013 og eignum í lok þess árs með eftirfarandi hætti:

- Á rafrænu skattframtnali 2014 (RSK 1.01) á þjónustusíðu á vefnum *skattur.is*.
- Með dulrituðu og undirrituðu skeityi úr framtalsforritum 2014, sem vottuð hafa verið af ríkisskattstjóra.
- Á skattframtnali 2014 (RSK 1.01), sem ríkisskattstjóri hefur gefið út á pappír.
- Á skattframtnali 2014 (erlendir starfsmenn) RSK 1.10 (enska) eða RSK 1.13.

Skattframtnali manns í atvinnurekstri skal fylgja ársreikningur auk tilskilinna fylgiskjala, sbr. 6. gr.

6. gr.

Menn, sem stunduðu atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi á árinu 2013, skulu með skattframtnali sínu 2014 gera grein fyrir tekjum sínum og eignum tengdum rekstri á neðangreindum eyðublöðum er fylgja skulu skattframtnali 2014:

- Séu tekjur (velta) undir kr. 1.000.000 og eignir í rekstri engar eða óverulegar og framteljandi var jafnframt ekki með virðisaukaskattsnúmer á árinu 2013 skal skila eyðublaðinu RSK 4.10.
- Sé velta á bilinu kr. 1.000.000 til kr. 20.000.000 skal skila eyðublaðinu RSK 4.11 ásamt viðeigandi fylgiskjolum, enda sé ekki um að ræða samrekstur, fráviksaðferðir í reikningshaldi eða byggingastarfsemi, þar sem beitt er verkloakaðferð. Réttilega útfyllt eyðublað RSK 4.11, sem uppfyllir jafnframt öll skilyrði III. kafla laga um bókhald, telst fullnægjandi ársreikningur í þessu tilliti. Sé eðli starfseminnar hins vegar þannig að sundurliðun á tekjum,

gjöldum, eignum og skuldum samkvæmt RSK 4.11 gefi ekki skýra mynd af henni, s.s. sundurliðun helstu tekna- og kostnaðarliða, skal sérstakur ársreikningur fylgja framtali ásamt RSK 4.11.

- c) Sé velta yfir kr. 20.000.000 eða um er að ræða samrekstur, fráviksaðferðir í reikningshaldi eða byggingastarfsemi, þar sem beitt er verklokaaðferð, skal skila eyðublaðinu RSK 1.04 ásamt ársreikningi og viðeigandi fylgiskjölum.

7. gr.

Vegna búrekstrar skulu neðangreind eyðublöð fylgja skattframtali manns eða lögaðila:

- a) Skattframtali manns skal fylgja eyðublaðið RSK 4.08, í stað RSK 1.04 eða RSK 4.11.
- b) Skattframtali lögaðila RSK 1.04, sbr. 8. gr., skal fylgja eyðublaðið RSK 4.07 ef um rafræn framtalsskil er að ræða. Ef skattframtali lögaðila er skilað á pappír skal fylgja útfylltur bústofnshlutu landbúnaðarskýrslu RSK 4.08, ásamt framtali vegna búnaðargjalds RSK 1.09.

8. gr.

Lögaðilar skulu gera grein fyrir tekjum sínum á árinu 2013 og eignum í lok þess árs með eftirfarandi hætti:

- a) Á rafrænu skattframtali 2014 (RSK 1.04) á þjónustusíðu á vefnum *skattur.is*.
- b) Með dulrituðu og undirrituðu skeytí úr framtalsforritum 2014, sem vottuð hafa verið af ríkisskattstjóra.
- c) Í sérstökum undantekningartilfellum að þessu sinni, enda sé framteljenda með öllu ókleift að telja fram rafrænt, þá er heimilt að telja fram á skattframtali rekstraraðila 2014 (RSK 1.04), sem ríkisskattstjóri hefur gefið út á pappír.
- d) Lögaðilar, sem telja sig undanþegnna skattskyldu skv. 4. tölul. 4. gr. tekjuskattslaga, eiga þrátt fyrir það að skila skattframtali 2014 í samræmi við ofanritað.
- e) Lögaðilar, sem undanþegnir eru skattskyldu skv. 4. gr. tekjuskattslaga, þó að frátöldum aðilum skv. 4. tölul. 4. gr., sbr. d-lið, eiga ekki að skila skattframtali lögaðila RSK 1.04 vegna tekjuskatts, en beri þeim að standa skil á öðrum sköttum og gjöldum við álagningu 2014, þá skal það gert í rafrænum skilum á eyðublaðinu RSK 1.06 eða á viðeigandi eyðublöðum á pappír vegna tryggingagjalds (RSK 1.05), fjármagnstekjuskatts (RSK 1.07), eða búnaðargjalds (RSK 1.09).

Ársreikningi og öðrum tilskildum fylgiskjölum lögaðila skal skilað á sama tíma og skattframtali og með sama hætti og því er skilað, þ.e. rafrænum eða á pappír.

9. gr.

Auglýsing þessi er birt skv. 90. og 93. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, og tekur þegar gildi.

Reykjavík, 6. janúar 2014.

Skúli Egger Pórðarson ríkisskattstjóri.